Bráðabirgðalög

Nr. 15.
5. oktbr.

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að það hefur verið borið upp fyrir Oss, að verðlag á nauðsynjavörum hafi farið og fari mjög svo hækkandi vegna styrjaldar þeirrar, sem nú geysar um Evrópu, og það sumstaðar meir en góðu hófi gegnir, og með því þess hefur verið beiðst frá ýmsum hliðum, að ákveðið hámark verði sett við sölu þessara vörutegunda og annara, er þörf kann á að þykja, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, til þess að koma í veg fyrir óhæfilega verðhækkun á lífsnauðsynjum, að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra Íslands heimild til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að láta ákveða verðlag á innlendri og útlendri nauðsynjavöru og öðrum vörum, og í því skyni skipa nefnd til þessa. Ákvæðum hennar má þó skjóta til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og önnur atriði til framkvæmdar þessara laga setur stjórnarráðið með reglugjörð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 5. október 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.